



Landsamband lögreglumanna

Grettisgötu 89 • 105 Reykjavík • Pósthólf 5006 • Sími 562 4411 • Fax 562 5011

Alþingi

Erindi nr. Þ 120 / 1663

komudagur 23 / 4 1996

Reykjavík 22. apríl 1996.

Nefndadeild Alþingis
Þórshamri v/Veltusund
150 Reykjavík.

Varðar: Frumvarp til lögreglulaga, 451. mál.

Um leið og framkvæmdastjórn Landssambands lögreglumanna þakkar fyrirspurn yðar leyfir hún sér að senda meðfylgjandi umsögn um frumvarp til lögreglulaga, en frumvarpið hefur ítrekað verið rætt í stjórn sambandsins.

Frumvarpið í heild.

Í grófum dráttum er frumvarpið til bóta varðandi skipulag lögreglunnar og virðist auka skilvirkni í störfum hennar. Nokkuð skortir þó á að það sé í heild sinni viðunandi og verður tæpt á helstu atriðum hér á eftir hvað það varðar.

Frumvarpið ber þess mjög merki að nefnd sú, sem vann að tillögum að frumvarpi til lögreglulaga, lauk í reynd ekki störfum með formlegum hætti. Á sama tíma og drög að tillögum nefndarinnar voru til umsagnar hjá nokkrum aðilum sem þau taka til, voru drögin rædd í ríkisstjórn, breytingar gerðar á þeim og í framhaldi af því gegnið endanlega frá frumvarpinu í núverandi mynd. Við fyrstu umræðu á Alþingi kom fram í máli dómismálaráðherra að formaður samtaka lögreglumanna hafi átt sæti í téðri nefnd og taldi hann sjónarmið þeirra hafa komið fram í nefndarstarfinu.

Það eitt og sér er rétt, að sjónarmiðin komu fram. Ef nefndin hefði á hinn bóginn náð að skila af sér með formlegum hætti hefði komið í ljós hvort nefndin stæði einhuga að tillögunum eða hvort myndast hefði meiri- eða minnihluti innan hennar um einstök efnisatriði þeirra. Í því ljósi er víst að formaður samtaka lögreglumanna hefði skilað séráliti um einstaka þætti.

Umræður á alþjóðavettvangi.

Að frumkvæði LL var efnt til umræðu um frumvarpið í framkvæmdastjórn Norræna lögreglusambandsins (NPF) og í framhaldi af því var málefnið tekið til umræðu á framkvæmdastjórnarfundum Alþjóðasamtaka lögreglumanna (UISP) í marsmánuði sl. Voru tekin til sérstakrar umræðu tvö veigamikil atriði frumvarpsins sem samræmast

ekki uppbyggingu og starfsemi lögreglu í Evrópu, þ.e. hæfiskröfur lögreglumanna og hámarksaldur þeirra. Þessi stóru fjölþjóðasamtök ályktuðu um þessi tvö málefni og munu senda allsherjarnefnd og þingflokkum stjórn málaflökkanna erindi þess efnis.

Hæfiskröfur.

Árið 1989 var samþykkt á Alþingi frumvarp til breytinga á gildandi lögum um lögreglumenn. Lögfest voru skilyrði þess að einungis mætti ráða, setja eða skipa í lögreglustarf, þá sem lokið hafa prófi frá Lögregluskóla ríkisins. Heimild var til að ráða fólk til reynslu á meðan á námi þeirra stæði við skólann og jafnframt heimild til að ráða fólk til afleysingastarfa yfir sumarorlofstímabilið. Var þetta mikið framfaraskref enda með öllu óviðunandi að hægt væri að ráða fólk til jafn viðkvæmra starfa án undangenginnar starfsmenntunar. Reynslan á undangengnum árum bendir til að mistökum lögreglumanna við úrlausnir viðfangsefna hafi fækkað sem og kærnum og kvörtunum á hendur lögreglumönnum.

Það er í reynd óþekkt meðal annarra Evrópuþjóða að hægt sé að ráða fólk til lögreglustarfa án þess að það hafi fullgild réttindi til starfans, árið um kring. Full ástæða er til að afnema heimild til afleysinga á sumarorlofstímabili enda fullnægir það fólk á engan hátt þeim kröfum sem gera verður til þeirra sem með lögregluvald fara. Hér þarf að hafa í huga að lögreglumenn fara með mikið vald gagnvart einstaklingum í þjóðfélaginu, eins og heimild til frelsissviptingar og jafnvel valdbeitingar við ákveðin skilyrði. Þá gegnir lögreglan lykilhlutverki við úrlausnir alvarlegra sakamála sem leitt geta til áralangrar fangelsisvistar. Rannsóknir á slysförum, tjónum og afleiðingum stærri hamfara koma einnig til kasta lögreglu og eru grundvöllur að bótarétti þolenda slíkra atvika. Rangar og ófullnægjandi starfsaðferðir geta skipt sköpum í öllum þessum tilfellum og raunar margfalt fleiri sem of langt málfyrir er að telja.

Það verður ekki hjá því komist að skýra frá því að á sl. 7 árum, þ.e. frá því lög nr. 64/1989 tóku gildi, hefur LL ítrekað orðið að hafa afskipti af ráðningum fólks í lögregluna. Dómsmálaráðuneytið og ýmsir lögreglustjórar landsins hafa ítrekað ráðið fólk til starfa í blóra við ákvæði laga um lögreglumenn. Yfirstjórn lögreglunnar hefur þverskallast við vinsamlegum tilmælum í þessum efnunum og hefur LL neyðst til að leita til Umboðsmanns Alþingis og nú síðast, á þessu ári, neyddist LL til að hótta lögbanni á störf fólks sem ólöglega hafði verið ráðið til lögreglustarfa án tilskilinnar menntunar.

Því miður hefur yfirstjórn lögreglunnar ítrekað brotið ákvæði laga um lögreglumenn á undanförmum árum í stað þess að nýta þau 7 ár sem liðin eru frá lagabreytingunni til að laga mannhald að breyttum aðstæðum. Ekkert raunhæft hefur verið gert í þeim efnunum að gera lögregluliðum landsins mögulegt að verða sjálfum sér nóg um afleysingafólk með því að fjölga lögreglumönnum með skipulegum hætti. Eina lausn yfirstjórnar lögreglunnar er að falla frá menntunarkröfunum og hverfa aftur til fortíðar sem er ekki í neinu samræmi við þær kröfur sem gerðar eru til lögreglu í nútímasamfélagi.

Það er skylda sérhvers réttarríkis að tryggja samfélaginu þá vernd sem lögregla veitir og að þeir sem starfanum gegna hafi til þess þá fagkunnáttu sem áskilin er. Í þessu samhengi er rétt að vitna til lögregluyfirlýsingar þingmannafundar Evrópuráðsins frá 8. maí 1987 í hverri segir m.a. í B-lið, um stöðu þeirra:

“3. Lögreglumaður á að fá ítarlega almenna þjálfun, atvinnuþjálfun og starfsþjálfun svo og viðeigandi kennslu í félagsvandamálum, lýðræðisréttindum, mannréttindum og sérstaklega um Mannréttinda-sáttmála Evrópu.”

Aldurshámark.

Það vekur mikla undrun lögreglumanna í Evrópu að íslenskum lögreglumönnum sé heimilt að starfa allt þar til þeir ná sjötugsaldri. Með hliðsjón af þeim kröfum sem gerðar eru til lögreglumanna er með öllu óviðunandi að sami starfslokaaldur gildi um þá og aðra starfsmenn ríkisins. Það er brýnt öryggismál, samfélagsins og lögreglumanna sjálfra, að þessu fyrirkomulagi verði breytt og þeim gert að láta af störfum mun fyrr en gildir um aðra, hvort sem er á almennum vinnumarkaði eða í opinberri þjónustu.

Landssamband lögreglumanna hefur um árabíl leitað úrbóta í lífeyris- og starfslokamálum lögreglumanna. Lögreglumenn hafa talið lífeyrisréttindi sín lakari um margt en lífeyrisréttindi annarra opinberra starfsmanna. Helstu rökín eru:

- að athuganir hér á landi og erlendis benda til þess að lögreglumenn séu skammlífari en almennt gerist. Af þessu leiðir að þeir eiga ekki möguleika til jafns við aðra að njóta áunnins lífeyrisréttar miðað við sama starfslokaaldur og aðrir hafa. Í þessu sambandi er vert að geta þess, að sl. mánuð hafa tveir lögreglumenn látist um aldur fram, annar 65 og hinn 68 ára að aldri.
- að á lögreglumönnum hvílir ótakmörkuð yfirvinnuskylda og um árabíl hefur yfirvinna stéttarinnar verið með því mesta sem gerist meðal opinberra starfsmanna. Af þessu leiðir að lífeyrisgreiðslur sem miðast við dagvinnulaun (og vaktaálag eftir atvikum) hafa verið í mun meira ósamræmi við rauntekjur á starfstíma lögreglumanna en annarra.

Lögreglumenn hafa ítrekað bent á að starfslokaaldur við 70 ára aldursmark sé óraunhæfur fyrir þessa stétt. Athugun í grannlöndum okkar hefur leitt í ljós að staða íslenskra lögreglumanna er einsdæmi hvað þetta varðar og lögreglumenn hætta alls staðar störfum fyrr og víða mun fyrr.

Að mati Landssambands lögreglumanna er orðið mjög brýnt að gera raunhæfar breytingar á lífeyris- og starfslokamálum lögreglumanna. Vert er að benda á að skv. nýlegri úttekt stefnir í óefni varðandi aldursdreifingu lögreglumanna. Skv. félagaskrá Landssambands lögreglumanna er aldursdreifing nú þessi:

20 - 29 ára.	65	10.71%
30 - 39 ára	131	28.18%
40 - 49 ára	171	31.47%
50 - 59 ára	107	17.63%
60 - 70 ára	72	12.01%

Athyglisvert er að aðeins 8 einstaklingar eru 25 ára og yngri og þar af aðeins 3 undir 25 ára aldri.

Sé genglð út frá þeirri meginreglu að ekki hætti aðrir störfum á næstu 3 árum en þeir sem náð hafa 70 ára aldursmarki gæti dæmið lítið þannig út árið 1998.

20 - 29 ára	23	3.80%
30 - 39 ára	183	30.20%
40 - 49 ára	188	31.02%
50 - 59 ára	123	20.30%
60 - 70 ára	89	14.68%

Jafnframt er vert að gera sér grein fyrir því að samhlíða ofanskráðu skapast einnig vandi við skipulag næturvakta þar sem lögreglumenn ávinna sér rétt til að hætta næturvöktum við ákveðið aldursmark.

Þessi mál hafa ítrekað komið til umfjöllunar milli fulltrúa LL, dómsmálaráðuneytis og fjármálaráðuneytis á undanförunum árum, vinna farið fram í nefndum og eftir þær liggja ýmis gögn og upplýsingar. Það virðist heppilegt að taka á þessum málum einmitt nú vegna fyrirhugaðra breytinga á lögum um lögreglumenn, lögum um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna og lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, svo eitthvað sé nefnt.

Á 18. þingi Landssambands lögreglumanna í maí 1994 var samþykkt stefna LL í þessum málaflokki og síðar á árinu var samþykkt tillaga á 37. þingi BSRB en í niðurlagi hennar er viðurkenning heildarsamtakanna og stuðningur við nauðsyn þess að opna möguleika ákveðinna starfshópa á því að fara fyrr á lífeyri en almennt gerist.

Ítarlega er fjallað um þessi mál í V. kafla greinargerðar með frumvarpi þessu á bls. 19 og 20 og vísast til hennar að öðru leyti. Niðurlag þess kafla er á hinn bóginn með öllu óviðunandi enda hafa mál þessi ítrekað verið rædd milli LL, dómsmálaráðuneytis og fjármálaráðuneytis án þess að úrlausn fengist. Bókanir með kjarasamningum hafa ítrekað komið upp þess efnis að leitað verði leiða o.s.frv. Nú er mál að linni og lögfest verði ákvæði um hámarksaldur lögreglumanna.

Yfirstjórn leitar og björgunaraðgerða.

Nauðsynlegt er að festa í lög með formlegum hætti stjórnunarhlutverk lögreglu við leitar- og björgunarstörf á landi, að því leyti sem skipulag leitar heyrir ekki undir skipulag Almannavarna ríkisins eða Landhelgisgæslu Íslands. Var einhugur um þetta atriði innan nefndarinnar sem vann að tillögugerðinni. Björgunarstjórn þarf að vera í höndum og á ábyrgð opinberra aðila.

Mannshvarf er ótvírætt rannsóknarvettvangur lögreglu. Ekki má undir nokkrum kringumstæðum ganga að því sem gefnu við leit að týndu fólki að það hafi horfið fyrir eigin tilverknað. Í þessu sambandi er nauðsynlegt að hafa í huga rannsóknarhagsmuni sem geta varðað allra alvarlegustu afbrot, sbr. XXIII. kafla um manndráp og líkamsmeiðingar og XXIV. kafla um brot gegn frjálstræði manna, í almennum hegningarlögum. Miklir hagsmunir eru í húfi í slíkum málum þar sem um þyngstu refsingu getur verið að tefla eða allt að ævilöngu fangelsi. Þar er því mjög brýnt að rannsóknaraðilar, þ.e. lögreglan, hafi yfirumsjón með framgangi leitar- og

björgunarmála frá upphafi til að tryggja hugsanlega hagsmuni ákærvalds og sakborninga, ef svo ber undir.

Vitað er að frjáls björgunarsamtök sækjast eftir lögformlegu umboði til stjórnunar leitar- og björgunarstarfa. Nokkurs misskilnings virðist gæta varðandi þetta atriði enda hefur lögreglan ekki áhuga á að hafa áhrif á innra skipulag leitarstjórnunar sveitanna. Hún þarf hins vegar að vera fulltrúi hins opinbera valds, til að fylgjast með framvindu leitar og færa í skýrslu og síðast en ekki síst að vera til ákvarðanatöku þá og þegar aðstæður við leit og björgun breytast.

Áhrif annarra laga og lagafrumvarpa.

Við þær aðstæður sem nú eru uppi er á vissan hátt erfitt að taka afstöðu til nokkurra þátta frumvarpsins. Á þetta ekki hvað síst við um frumvarp til laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins en ákveðnir þættir þess fara ekki saman við þær tillögur sem uppi voru í nefndinni sem vann að tillögusmið þessa frumvarps. Má þar nefna ákvæðið um skipun lögreglumanna í stöður þeirra. Uppbygging lögreglunnar er með þeim hætti að erfitt er að sjá fyrir sér tímabundnar skipanir í stöður.

Enn fremur er ástæða til að vekja athygli á réttindum starfsmanna hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins og útlendingaefirlits sem og annarra sem hugsanlega kynni að verða sagt upp störfum vegna þeirra breytinga sem yrðu ef frumvarp þetta verður að lögum. Þessir starfsmenn hafa verið skipaðir til starfa ótímabundið en kynnu að tapa réttindum sínum og verið ráðnir á ný með skert réttindi, þ.e. tímabundna skipun. Á slíkt getur LL ekki sæst og leggur þunga áherslu á að þeim starfsmönnum sem þannig háttar til um verði tryggð óbreytt réttindi, sem þeir hafa jafnvel notið áratugum saman, ef frumvarp þetta verður að lögum.

Þá er stéttarfélagssleg staða lögreglumanna í uppnámi með hliðsjón af II. hluta þess frumvarps um embættismenn og að kjaranefnd ákvarði kjör þeirra. LL vísar í þessu samhengi til lögregluyfirlýsingu þingmannafundar Evrópuráðsins frá 8. maí 1979, í hverri segir m.a. í B-kafla um stöðu þeirra.

6. Lögreglumenn eiga að geta valið um hvort þeir vilja stofna stéttarfélag, ganga í þau og taka virkan þátt í þeim. Þeir geta einnig tekið virkan þátt í öðrum félagasamtökum.

7. Komi stéttarfélag lögreglumanna fram fyrir þeirra hönd, á það rétt á eftirfarandi:

að taka þátt í samningum varðandi stöðu lögreglumanna.

að haft sé samráð við það um stjórnun lögregluliða.

að höfða mál vegna hagsmuna lögreglumannahóps eða einstakra lögreglumanna.

Niðurstaða.

Að teknu tilliti til framangreindra þátta, leggur framkvæmdastjórn LL áherslu á að frumvarpið verði tekið til endurskoðunar og nýtt frumvarp lagt fram næsta haust. Til verksins verði fengnir fulltrúar þeirra sem málið varðar, svo sem frá dómsmálaráðuneyti, Sýslumannafélagi Íslands og Landssambandi lögreglumanna.

Brýnt er, að um lögreglulög gildi sem viðtækust sátt þeirra sem eftir þeim eiga að starfa.

Um einstakar greinar frumvarpsins verður síðan fjallað á næstu blaðsíðum.

Virðingarfyllst,




Jónas Magnússon
formaður



Jóhannes Jensson
varaformaður



Baldvin Einarsson
ritari



Óskar Bjartmarz
gjaldkeri

Fylgiskjöl:

Lögreglufirlýsing þingmannafundar Evrópuráðsins, dags. 08.05.87.

Minnisblað frá Hjalta Zóphóníassyni skrifstofustjóra í dómsmálaráðuneytinu,
dags. 12.02.93.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

I. Kafli.

Hlutverk lögreglu o.fl.

1. gr.

Hlutverk.

Til umhugsunar er hvort ekki þyrfti að vera til staðar ákvæði um félagslegt hlutverk lögreglu, frá viðbragði til vandamálalausna. Ákvæði þess efnis kann að vera betur fyrir komið annars staðar í frumvarpinu en hér er einkum átt við úrræði sem varða drykkjusjúka og aðra sem ánetjast hafa fíkniefnum, geðfatlaða og tilfelli sem tæpast varða vistun í fangageymslum.

Lagt er til að bætt verði inn í greinina sem e-lið;

að hafa með höndum yfirstjórn leitar- og björgunaraðgerða á landi, enda heyri hún ekki undir skipulag Almannavarna ríkisins.

Um rökstuðning vísast til þess að "lögreglulaganefndin" var einhuga um þetta atriði en að öðru leyti vísast til greinargerðar á bls. 4 og 5 hér að framan.

3. gr.

Lögreglumenn.

Lagt er til að greinin umorðist á þann veg;

Til lögreglumanna teljast þeir sem skipaðir eru eða settir til lögreglustarfs skv. 3. mgr. 28. gr.

Framangreind breyting er til samræmis við þá meginkröfu að ekki séu aðrir ráðnir til lögreglustarfa en þeir sem til þess hafa hlotið viðunandi menntun og þjálfun.

II. Kafli

Skipulag lögreglu og æðsta stjórn.

Almennt um kafliann.

Ástæða er til að fagna stofnun embættis ríkislögreglustjóra en brýnt er að yfirstjórn og samræming sé á einni hendi. Á hinn bóginn er umhugsunarvert hvort ekki séu færð full mikil völd á einar herðar með því fyrirkomulagi sem hér er lagt til. Ástæða virðist til að stofnað verði sérstakt ríkislögregluráð sem hafi stjórnunar- og eftirlitshlutverk með starfsemi ríkislögreglustjóra.

Þá virðist nokkuð vanta á rökstuðning þess að leggja Rannsóknarlögreglu ríkisins niður og færa rannsóknir í annan farveg, án þess að hugmynd þessarri sé hafnað á nokkurn

hátt. Ekki virðast liggja fyrir talnalegar upplýsingar um fjölda rannsóknarmála á landsvísu, stöðu mála í einstökum brotaflokkum eða kostnað við rannsóknir þeirra.

Þó gert sé ráð fyrir að flestir eða allir starfsmenn RLR fái störf á nýjum vettvangi er staða einstakra manna óljós, m.a. varðandi stöðuheiti og launakjör. Væri eðlilegt við svo viðamikla breytingu að hafa í frumvarpinu bráðabirgðaákvæði, sem mælti fyrir um flutning starfsmanna á óbreyttum starfskjörum, að því gefnu að frumvarpið verði að lögum.

Við kostnaðaráætlun virðist gert ráð fyrir flutningi mannafla ásamt vanmetnum launakostnaði. Það vekur þó enn meiri furðu að hvergi virðist gert ráð fyrir flutningi eða kaupum á tækjabúnaði, kostnaði við aðstöðuuppbyggingu o.s. frv.

5 gr.

Ríkislögreglustjóri.

Lagt er til að g-liður 1. mgr. hljóði svo;

Hafa með höndum ýmis önnur verkefni á sviði löggæslu, sem ekki eru bundin við einstök embætti, eftir því sem nánar er kveðið á um í lögum eða öðrum stjórnvaldsfyrirmælum.

Lagt er til að b-lið 2. mgr. verði breytt á þann veg að setningin; **“Deildin skal rannsaka mál vegna kæra á hendur lögreglumönnum vegna brots í starfi”**, falli brott. Í hennar stað verði 36. gr. umorðuð, sbr. umfjöllun síðar.

Lagt er til að myndaður verði f-liður við 2. mgr., í hverri eftirliti með útlendingum verði fundin staður til samræmis við 10. mgr. 43. gr. frumvarpsins.

8. gr.

Rannsóknardeildir.

Með hliðsjón af starfssvæði rannsóknardeilda er aðfinnsluvert að þeir lögreglumenn, sem starfa innan þessara deilda, munu starfa undir stjórn ýmissa yfirmanna. Mikilvægt er í starfsemi lögreglu að röð fyrirmæla sé skýr og lögreglumaðurinn þekki það skipulag sem hann heyrir undir. Þá er viðhaldið þeim starfskiptingarákvæðum, sem áður fylgdu þeim málum sem rannsaka skyldi hjá RLR, og eru því líkur til að þau vandkvæði fylgi starfinu áfram, nú innan 10 umdæma rannsóknarlögregludeilda. Þá er einnig vert að gaumgæfa hver beri kostnað af starfsemi rannsóknardeildanna, þegar starfsmenn þeirra starfa í öðrum lögsagnarumdæmum, innan rannsóknarumdæmis.

9. gr.

Handhafar lögregluvalds.

Lagt er til að 2. mgr. falli brott. Að því gefnu að hagfelld þyki að hafa slíkt úrræði til staðar í lögreglulögum, er með hliðsjón af hæfiskröfum lögreglumanna lagt til að heimildin verði þrengd á þann veg að orðið **“eða”** falli brott. Greinin hljóði þá;

2. Dómsmálaráðherra er heimilt í undantekningartilfellum að fela öðrum starfsmönnum lögreglu lögregluvald tímabundið til að sinna sérstökum verkefnum.

10. gr.

Héraðslögreglumenn

Með hliðsjón af hæfiskröfum lögreglumanna virðist eðlilegt að áfram verði takmörk á fjölda héraðslögreglumanna, sbr. ákvæði 1. mgr. 7. gr. laga nr. 56/1972 um lögreglumenn.

Lagt er til að 3. mgr. hljóði svo;

Að fengnum tillögum sýslunefndar er ráðherra heimilt að ákveða, að í lögsagnarumdæmi skuli vera starfandi 2-8 héraðslögreglumenn.

12. gr.

Samstarfsnefndir lögreglu og sveitarfélaga.

Lagt er til að opnað verði á möguleika á fjölskipuðum nefndum í stærri sveitarfélögum.

III. Kafli.

Skyldur lögreglumanna og framkvæmd lögreglustarfa.

Almennt um kaflann.

Flest atriði í þessum kafla eru eðlileg og í samræmi við gildandi lög og venju. Nokkur atriði þarfnast nánari skoðunar og vert er að gaumgæfa atriði úr frumvarpi til lögreglulaga sem lagt var fram til kynningar á Alþingi fyrri hluta árs 1994.

Er þar átt við heimild til að færa mann á lögreglustöð (án handtöku) og til þess að halda honum þar í allt að 4 klst.

14. gr.

Valdbeiting.

Niðurlag þessarrar greinar virðist óþörf tvítekning þar sem 2. mgr. 13. gr. virðist taka til þeirra atriða sem takmarka valdbeitingu.

18. gr.

Afskipti af börnum.

Það er hjákátlegt að sjá heimild til lögreglu til afskipta af börnum við aðstæður þar sem henni ætti að vera skylt að hafa afskipti af þeim. Lagt er til að greinin verði umorðuð á þann veg;

Lögreglu **ber** að hafa afskipti af börnum yngri en 16 ára sem eru á stöðum þar sem heilsu þeirra eða velferð er alvarleg hættu búin og koma þeim **án undandráttar** í hendur forsjármanna eða barnaverndaryfirvalda, ef nauðsynlegt þykir.

20. gr.

Skylda til að aðstoða lögreglu.

Í þessari grein virðist réttarstaða þeirra sem lögregla kveður sér til aðstoðar óljós um margt, þ.á.m. um bótarétt, verði þeir fyrir heilsu- eða munatjóni.

Má í þessu sambandi nefna að LL og ríkissjóður kaupa sameiginlega viðbótartryggingu á frjálsum markaði til að veita lögreglumönnum aukna vernd, varðandi slys sem valda varanlegri örorku eða dauða. Ljóst er að sú trygging nær ekki til þeirra sem ekki eru ráðnir til starfa með formlegum hætti og virðist nauðsynlegt, a.m.k. í greinargerð að skilgreina betur bótarétt þessarar aðila.

22. gr.

Þagnarskylda.

Með hliðsjón af ákvæðum laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, sbr. 18. gr. frumvarps til breytinga á fyrrgreindum lögum, virðist óþarft að setja sérstakt ákvæði varðandi þetta atriði. Þrátt fyrir þær þrengingar, sem virðast eiga að takmarka málfrelsi lögreglumanna um skipulag og starfsemi lögreglu, er því andmælt í greinargerð frumvarpsins. Stangast þetta því á og býður heim togstreitu og misskilningi.

Sé þörf á sérstöku ákvæði í lögreglulögum er lagt til að það hljóði á sama hátt og í 18. gr. frumvarps til laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins;

Hverjum starfsmanni er skylt að gæta þagnarmælsku um atriði er hann fær vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara samkvæmt lögum, fyrirmælum yfirmanna eða eðli málsins. Þagnarskyldan helst þótt látið sé af starfi.

IV. Kafli

Um veitingu starfa í lögreglu.

Almennt um kaflann.

Þessi kafli er alvarlegasta stílbrot frumvarpsins og hreint afturhvarf til fortíðar. Með hliðsjón af þeim kröfum sem gerðar eru til lögreglu, í þjóðfélagi sem kennir sig við menningu og vel upplýst samfélag, er hreint stílbrot að hugsa sér að næstum “hver sem er” sé fær um að “dulbúast” lögreglubúningi og hefja afskipti af samborgurun sínum. Þessu mætti líkja við að gangastúlkur gengju í störf sjúkraliða, sjúkraliðar í störf hjúkrunarfræðinga og hjúkrunarfræðingar í störf lækna. Það er í engu samræmi við

þær kröfur, sem frumvarp þetta í heild sinni, gerir til lögreglumanna að heimila á ný ákvæði um ráðningar fólks án tilskilinnar menntunar eða þjálfunar. Með hliðsjón af framansögðu, umfjöllun um hæfiskröfur í inngangi þessarar umsagnar, umræðu og ályktana Norræna lögreglusambandsins (NPF) og Alþjóðasambands lögreglumanna (UISP), leggst LL gegn öllum störfum ófaglærðs fólks, þ.m.t. á sumarorlofstíma.

28. gr.

Veiting starfa í lögreglu.

Lagt er til að 3. mgr. hljóði svo;

Dómsmálaráðherra skipar lögreglumenn **ótímabundið í stöður þeirra** enda hafi þeir staðist próf frá Lögregluskóla ríkisins. Dómsmálaráðherra setur í reglugerð nánari fyrirmæli um starfstig lögreglumanna.

Lagt er til að 4. mgr. hljóði svo;

Heimilt er að ráða til lögreglustarfa án prófs frá Lögregluskóla ríkisins;

a. **Nema til reynslu á meðan á námi þeirra stendur við Lögregluskóla ríkisins. Slík reynsluráðning skal þó aldrei vara lengur en 2 ár. Nemi skal jafnan vera undir stjórn og handleiðslu lögreglumanns.**

b. **Ákvæði um próf frá Lögregluskóla ríkisins ná ekki til skipshafna varpskipa, tollvarða eða héraðslögreglumanna. Þó skulu þeir sem lokið hafa prófi frá Lögregluskóla ríkisins ganga fyrir um þessi störf þar sem það á við.**

V. Kafli

Atriði sem varða starfskjör lögreglumanna.

Almennt um kaflann.

LL mótmælir harðlega þeirri aðför sem gerð er að mannréttindum lögreglumanna með banni við aukastörfum, utan daglegs vinnutíma. Dæmi sanna að ýmsir lögreglustjórar hafa beitt þessu ákvæði af hörku, með vísan til reglna sem dómsmálaráðuneyti setti fyrir nokkru. Hefur lögreglumönnum verið stórlega mismunað með þessu ákvæði og eru enn frekari líkur á að framhald verði þar á.

Vert er að minna á að ákvæði um aukastörf utan vinnutíma er að finna í 34. gr. laga nr. 38/1954, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, sbr. 20. gr. frumvarps til laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, sem nú er til meðferðar á Alþingi. Virðist fullnægjandi að það ákvæði gildi einnig um lögreglumenn.

Í tillögum "lögreglulaganefndar" var í þessum kafla að finna ákvæði, (þá 33. gr.) um hámarksaldur lögreglumanna. Var þar gert ráð fyrir að lögreglumenn skyldu leystir frá störfum þegar þeir væru fullra 65 ára. Bráðabirgðaákvæði gerði ráð fyrir að þessu markmiði skyldi náð fram á 5 árum, þannig að aldursmarkið færðist niður um eitt ár í senn fram til ársins 2002. Brýnt er að þetta ákvæði sé fært inn í frumvarpið að nýju og aldurinn þá lækkaður enn frekar, t.d. í 63 ár. Um nánari umfjöllun vísast til kaflans um

hámarksaldur á bls. 3 og 4 í inngangi að umsögn þessari, V. kafla greinargerðar með frumvarpinu á bls. 19, 20 og í inngangi með V. kafla á bls. 44 auk ályktana NPF og UISP.

30. gr.

Bótagreiðslur.

Lagt er til að greinin hljóði svo;

Ríkissjóður skal bæta lögreglumönnum og fjölskyldum þeirra líkams- og munatjón sem þeir eða fjölskyldur þeirra verða fyrir vegna starfa lögreglumannsins. Greiða skal bætur fyrir missi framfæranda ef því er að skipta í samræmi við ákvæði skaðabótalaga.

31. gr.

Bann við verkföllum.

Með hliðsjón af því að samtök lögreglumanna eru aðilar að fleiri samtökum, hver hafa verkfallsrétt, er lagt til að bætt verið aftan við greinina “af sinni hálfu”.

Lagt er til að greinin hljóði svo;

Lögreglumenn mega hvorki gera verkfall né taka þátt í verkfallsboðun, af sinni hálfu.

32. gr.

Aukastörf.

Ákvæði frumvarpsins um aukastörf eru að mati LL óraunhæf og algjörlega óaðgengileg fyrir lögreglumenn. Sömu reglur hafa verið fyrir lögreglumenn og aðra opinbera starfsmenn og lögreglumönnum er ekki kunnugt um neitt tilefni til þess að setja þurfi um þá strangari skilyrði en aðra hvað þetta varðar.

Það eru grundvallarréttindi fólks að fá að sjá sér og fjölskyldu sinni farborða og mjög gildar ástæður þarf til að hefta þann rétt. Það er ljóst að í einstaka tilvikum má rökstyðja það að ákveðin störf fari ekki saman við lögreglustarfið og þá er eðlilegt að koma í veg fyrir slíkt. Almenn bann við aukastörfum er hins vegar slík skerðing á mannréttindum að verulegar launabætur hljóta að fylgja slíkum takmörkunum séu þær nauðsynlegar og slíkt bann hlýtur að krefjast mjög gildra raka.

Lögreglumenn hafa átt í deilum við dómsmálaráðuneyti og lögreglustjóra vegna núverandi lagaákvæðis enda hefur því verið þannig beitt að lögreglumönnum hefur verið gróflega mismunað og í ákveðnum tilvikum hefur ákvæðinu verið beitt af ófyrirleitni beinlínis til að skaða ákveðna aðila. Slíku verður að linna og það hlýtur að vera lágmarkskrafa að lögreglumenn geti unnið heiðarlega vinnu eins og annað fólk í sínum frítíma frá lögreglustarfinu. Sé það hins vegar svo að ríkisvaldið vilji “eignast” lögreglumenn í frítíma þeirra jafnt sem í starfi þá verður að mæta því kjaralega.

Frumvarpið gerir ráð fyrir undanþágum frá banni við aukastörfum en því fylgir að heimilt verði að afturkalla undanþáguna hvenær sem er án þess að tilgreindar séu nokkrar ástæður. Slíkt ákvæði munu lögreglumenn aldrei sætta sig við enda minnir það frekar á þrælshald en nútímasamfélag frjálsra manna.

Það verður ekki hjá því komist að vísa til bréfs dómsmálaráðuneytisins, dags. 27.03.92 varðandi framkvæmd núgildandi ákvæðis um aukastörf. Þar eru einnig sett höft á eignamyndun lögreglumanna en þar segir í 3. tl.:

“Lögreglumaður skal sækja um það til lögreglustjóra ef hann hyggst stunda launað aukastarf eða ef hann stofnar til atvinnurekstrar, einn eða með öðrum. Þá er lögreglumanni óheimil stjórnarseta í félögum ef starfið samrýmist ekki lögreglumannsstarfinu. Hið sama gildir um verulegan eignarhlut í félögum, umboðsmennsku og annan erindisrekstur fyrir félög og einstaklinga, ef hætta er á að það hafi áhrif á störf hans sem lögreglumanns.”

Þegar svo er komið að lögreglumaður á undir vinnuveitanda sinn að sækja með eignir sínar og viðkomandi þarf engar eða takmarkaðar skýringar að gefa til að koma í veg fyrir eðlilega eignamyndum manna þá vaknar óneitanlega spurning um það hvort svo viðurhlutamiklar ákvarðanir verði ekki að takast af tilteknum hópi manna til að tryggja réttláta málsmeðferð og til að koma í veg fyrir að t.d. persónuleg óvild geti ráðið slíkum ákvörðunum.

VI. Kafli.

Löggæslukostnaður.

Almennt um kaflann

Kafli þessi virðist eðlilegur og í samræmi við núgildandi lög og venjur.

VII. Kafli.

Kærur á hendur lögreglu.

Almennt um kaflann.

Það er trú okkar að það efli trú og traust samfélagsins ef forræði rannsókna á hendur lögreglu yrði fundinn staður hjá ríkissaksóknara. Það er viðurkennd staðreynd að lögreglumenn njóti borgaralegra réttindi í þeim tilfellum að þeir sæti kæru og um þá gilda sömu ákvæði réttarfarslaga. Þeir eiga því kröfu á að fagmenn rannsaki mál þeirra en sé sú rannsókn á forræði ríkissaksóknara og hann mæli fyrir um hana, ætti að vera tryggt að óhlutdrægni sé gætt í hvívetna.

35 gr.

Lagt er til að greinin hljóði svo;

Berist kæra á hendur lögreglumanni fyrir ætlað refsivert brot við framkvæmd lögreglustarfa, eða vakni grunur um slíkt brot, skal

viðkomandi lögreglustjóri þegar í stað tilkynna ríkissaksóknara um ætlað brot. Ríkissaksóknari mælir fyrir um hvort og við hvaða lögreglustjóraembætti rannsókn fari fram undir hans forsjá og ákveður um meðferð máls, að henni lokinni.

VIII. Kafli.

Lögregluskóli ríkisins.

Almennt um kaflann.

Þegar fjallað er um Lögregluskóla ríkisins er nauðsynlegt að hafa sérstöðu hans í huga. Við grunnnámsdeild Lögregluskólans fá lögreglumannsefni kennslu og þjálfun í verkefnum og aðgerðum sem talið er heppilegt að almenningur hafi takmarkaða vitneskju um.

M.a. af ofangreindum ástæðum hefur Lögregluskólinn verið lokuð stofnun. Forsenda náms við skólann er að einhver lögreglustjóri sækji um skólavist fyrir lögreglumannsefni. Lögreglumannsefnið þarf að standast inntökupróf og jafnframt þarf að vera laus lögreglumannsstaða fyrir viðkomandi svo dómsmálaráðuneytið heimili skólavistina.

Með hliðsjón af umræðu um að opna lögreglunám og færa það að hluta t.d. út í fjölbrautaskólana þá er nauðsynlegt að hafa í huga að lögreglustéttin er tiltölulega fámenn og endurnýjunarþörf lítil. Það er því óraunhæft að ætla annað en lögreglunám myndi einskorðast t.d. við einn fjölbrautarskóla. Hagkvæmni af slíku er því mjög umdeilanleg.

Það er hins vegar ýmsir möguleikar fyrir hendi varðandi það að nýta betur nám í almenna skólakerfinu fyrir þá sem koma til náms við Lögregluskólann. T.d. með því að auka við inntökuskilyrðin þannig að lögreglumannsefni stæðust þær kröfur sem gerðar eru í Lögregluskólanum í ýmsum greinum. Hugmyndir LL í þessum efnum verða skýrðar frekar í umfjöllun um einstaka greinar kaflans hér á eftir.

36. gr.

Hlutverk Lögregluskóla ríkisins.

LL er hlynt efni greinarinnar en vekur athygli á brýnni þörf fyrir markvisst framhaldsnám fyrir lögreglumenn. Ákvæði um framhaldsdeild við Lögregluskólann hefur verið í reglugerð s.l. 15 ár án þess að eftir því hafi verið farið. Öll framhalds-menntun lögreglumanna hefur því verið mjög takmörkuð og tilviljanakennd. LL leggur þunga áherslu á umbætur í framhaldsnámi lögreglumanna, ekki síst á sérstaka menntun fyrir yfirmenn í lögreglunni.

37. gr.

Stjórn Lögregluskóla ríkisins.

LL vill vekja sérstaka athygli á því að lögreglumenn hafa sjálfir sýnt menntun mikinn áhuga og staðið fast við hvers kyns framfarir í þeim málum um starfa sambandsins. LL vill tryggja áframhaldandi aðild lögreglumanna að stjórn Lögregluskólans og telur því brýnt að í lögum sé ákvæði um skólanefnd Lögregluskólans og hvernig hún skuli skipuð. Leggur sambandið mikla áherslu á að eiga a.m.k. einn fulltrúa í skólanefnd. Lagt er til að skólanefnd Lögregluskóla ríkisins verði skilgreind undir þessari grein laganna.

Í greininni er gert ráð fyrir því að skólastjóri Lögregluskólans skuli fullnægja sömu skilyrðum fyrir skipan í embætti og lögreglustjórar og hafa staðgóða þekkingu á lögreglumálefnum.

Skólastjóri Lögregluskólans verður samt sem áður ekki lögreglustjóri og því eru uppi miklar efasemdir um það hvort nauðsynlegt sé að binda stöðuheitið við lögfræðipróf. Lögreglumaður var skólastjóri á undan núverandi skólastjóra sem hefur lögfræðipróf en vel má vera að önnur (háskóla)menntun en lögfræðipróf kunni að vera fullt eins heppileg fyrir skólann í framtíðinni.

LL leggur til að gerðar verði almennari kröfur til menntunar skólastjóra Lögregluskólans en frumvarpið gerir ráð fyrir.

38. gr.

Inntaka nýnema og námstillöggun.

LL telur varðandi 2. tl. greinarinnar að ekki sé nægilega vandað til þeirra almennu skilyrða sem lögreglumannsefni skulu fullnægja.

Í a. lið skal bent á að ekki er nægilegt að viðkomandi “hafi ekki sætt opinberri refsingu”. LL telur það ekki nægilegt að sakavottorð lögreglumannsefna sé hreint og telur varðandi lögreglumannsstarfið verði að gera strangari kröfur en til starfa almennt að þessu leyti.

Mjög margir sem ekki hafa sætt opinberri ákæru hafa verið viðriðnir sakamál hvers konar og hagað sér með þeim hætti að þeir eru óæskilegir og beinlínis ótækir í lögregluna. LL telur að til viðbótar við orðalag frumvarpsins skuli vera almennt orðalag eins og í gildandi reglugerð um veitingu lögreglustarfs, lögregluskóla o.fl., nr 660/1981, sbr. 459/1988, þar sem segir m.a. í 1. gr.:”...fjár síns ráðandi og má ekki vera kunnur af óreiðu í fjármálum. Hann skal hafa gott mannorð og vera þekktur af reglusemi og háttvísi. “LL telur nauðsynlegt að slíkt atriði sé í lögum en ekki reglugerð.

Í c. lið er gerð grein fyrir menntunarkröfum lögreglumannsefna. LL telur að gera verði strangari kröfur í þessum efnum, krefjast verði stúdentsprófs, iðnskólaprófs eða sambærilegrar menntunar.

Það er staðreynd að nám við Lögregluskólann er kostnaðarsamt og því brýnt að nýta ódýrara nám í almenna skólakerfinu eins og kostur er sem aðfararnám að námi í Lögregluskólanum. Það er að mati LL best gert með þeim hætti að taka þær námsgreinar úr námsefni Lögregluskólans sem kenndar eru í almenna skólakerfinu en gera í staðinn meiri almennar menntunarkröfur til þeirra sem koma þangað til náms.

Í þessu sambandi mætti hugsa sér að taka námsgreinar úr námsefni Lögregluskólans eins og t.d. íslensku, vélritun, ensku, námstækni og sálfræði. Kennsla í þessum greinum er ríflega 12% af heildarkennslufjölda við grunnnámsdeild skólans. Heppilegra væri að nýta þann tíma til náms í löggæslugreinum.

Þá skal vakin athygli á nauðsyn þess að lögreglumenn hafi aukin ökuréttindi, hvort sem slík réttindi verði áskilin strax í upphafi eða t.d. áður en grunnnámi við skólann lýkur. Hluti lögreglubifreiða tekur svo marga farþega að almennt ökuþróf nægir ekki til, auk þess verða lögreglumenn iðulega að hafa afskipti af alls kyns ökutækjum smáum sem stórum þar sem nauðsynlegt getur reynst að hafa aukin ökuréttindi. Loks má nefna að í námi til aukinna ökuréttinda er fræðsla um ökutækin og gerð þeirra sem lögreglumenn hafa fulla þörf fyrir.

Í d. lið er kveðið á um inntökupróf samkvæmt kröfum skólanefndar. LL er hlynt inntökuprófum, þrátt fyrir ofangreind sjónarmið um aukna menntun, til að sannreyna kunnáttu væntanlegra nema.

LL gerir athugasemdir við 4. tl. greinarinnar og bendir á að launað nám við Lögregluskólann á báðum önnum er bundið við gildandi kjarasamning lögreglumanna. Auk þess er rétt að hafa í huga hvaða afleiðingar slík breyting kynni að hafa á það hvaðan lögreglumannsefni muni koma. Má t.d. vænta þess að hópurinn verði eingöngu af SV horni landsins? Ekkert liggur fyrir um það að nám við Lögregluskólann verði námslánahæft þannig að aðstöðumunur yrði mikill. Auk þess er óljóst hver hagnaðurinn verður af breytingunni eins og hún kemur fyrir í frumvarpinu því gera má ráð fyrir að eftir nám við Lögregluskólann þurfi nemarnir að sækja um lausar stöður einhvers staðar á landinu. Má þá ekki búast við því að margir SV horns búarnir sem fá ekki starf á SV horninu, og vilja ekki starfa úti á landi, fari til annarra starfa og eftir sitji lögreglustjórnir á landsbyggðinni með ófylltar stöður. Nokkur útlit er því fyrir að fyrirkomulag myndi ekki þjóna tilgangi sínum fyrir löggæsluna auk þess að verða mun dýrara vegna bortthvarfs fólks til annarra starfa.

39. gr.

Reglugerð um Lögregluskóla ríkisins.

Greinin eðlileg að því tilskyldu að skólanefnd hafi verið skilgreind, sbr. athugasemdir við 37. gr.

VIÐAUKI

Yfirlýsing um lögregluna

A. Siðalögmál¹⁾

1. Lögreglumanni ber að gegna skyldu-störfum þeim, sem lög gera honum að rækja, með því að vernda samborgara sína og samfélagið gegn ofbeldisverkum, ránum og öðrum skaðlegum aðgerðum, eins og skilgreint er í lögum.

2. Lögreglumanni ber að starfa af ráðvendni, óhlutdrægni og virðuleika. Ber honum sérstaklega að forðast hvers kyns spillingu og beita sér kröftuglega gegn henni.

3. Skyndiaftökur, pyntingar og aðrar tegundir ómannúðlegrar eða niðurlægjandi meðferðar eða refsingar eru bannaðar undir öllum kringumstæðum. Lögreglumanni er skylt að hafna eða hafa að engu hvers kyns fyrirskipun eða fyrirmæli varðandi slíkar aðgerðir.

4. Lögreglumanni ber að framkvæma fyrirskipanir, sem yfirmaður hans gefur út, á réttan hátt, en honum ber að forðast að framkvæma fyrirskipanir, sem hann veit eða ætti að vita að eru ólögmatar.

¹⁾ A og B hlutar yfirlýsingarinnar ná til allra einstaklinga og stofnana, þ. á m. aðila eins og leyniþjónustu, herlögreglu, landhers, sjóhers og flughers eða landvarnarliðs, er annast lögreglustörf og sem bera ábyrgð á framkvæmd laga, rannsókn afbrota og á að halda uppi reglu og öryggi ríkisins.

5. Lögreglumaður skal stemma stigu við lögbrotum. Honum ber tafarlaust að hefjast handa eftir mætti, ef óbætanlegt og alvarlegt tjón kann að hljóttast af lögbroti því er yfirvofandi er.

6. Ef ekki er yfirvofandi hætt á bráðu eða óbætanlegu og alvarlegu tjóni, ber honum að leitast við að afstýra afleiðingum af brotinu eða endurtekningu þess með því að tilkynna yfirmönnum sínum um það. Beri slíkt engan árangur, getur hann tilkynnt æðra stjórnvaldi um málið.

7. Eigi ber að höfða sakamáli eða beita lögreglumann agaviðurlögum, sem neitað hefur að framkvæma ólögmeta fyrirskipun.

8. Lögreglumaður skal ekki taka þátt í að hafa upp á, handtaka, halda vörð um eða flytja fólk, sem er ekki grunað um að hafa framið ólöglegt athæfi, en leitað er að, haft í haldi eða lögsótt vegna kynþáttar, trúmála- eða stjórnmálaskoðana.

9. Lögreglumaður ber persónulega ábyrgð á eigin gerðum og því, sem hann lætur framkvæma eða látið er ógert samkvæmt fyrirmælum hans og sem ólöglegt er.

10. Rás fyrirmæla á að vera skýr. Jafnan ætti að vera mögulegt að vita, hvaða yfirmaður kann að bera endanlega ábyrgð á gerðum eða athafnaleysi lögreglumanns.

11. Í löggjöf verða að vera fyrir hendi

ákvæði um lagalega ábyrgð og úrræði vegna hvers kyns tjóns, sem hlýst af aðgerðum lögreglu.

12. Við framkvæmd skyldustarfa sinna ber lögreglumanni að gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að ná því markmiði, sem lög krefjast eða heimilar eru að lögum, en hana má aldrei beita meira harðræði en nauðsynlegt er.

13. Lögreglumenn eiga að fá skýr og nákvæm fyrirmæli um, á hvern hátt og við hvaða aðstæður þeir ættu að nota vopn.

14. Lögreglumaður, sem hefur umsjón með manni, er þarf á læknishjálp að halda, skal afla hennar af hendi hjúkrunarliðs og, ef nauðsyn ber til, gera ráðstafanir til að vernda líf og heilsu mannsins. Hann á að fara að fyrirmælum lækna og annarra hæfra hjúkrunarstarfsmanna, þegar þeir koma manni, sem í haldi er, í lækni meðferð.

15. Lögreglumaður skal gæta þagmælsku um öll trúnaðarmál, sem hann fær vitneskju um, nema annars sé krafist vegna framkvæmdar skyldustarfa eða lagaákvæða.

16. Lögreglumaður, sem hlítir ákvæðum yfirlýsingar þessarar, á rétt á virkum, siðferðilegum og raunverulegum stuðningi samfélagsins, sem hann þjónar.

B. Staða.

1. Lögreglulið er þáttur í almennri þjónustu, sem stofnað er til samkvæmt lögum til að halda uppi lögum og reglu og ber ábyrgð á, að svo sé gert.

2. Sérhver borgari getur gengið í lögreglulið ef hann fullnægir settum skilyrðum.

3. Lögreglumaður á að fá ítarlega almenna þjálfun, atvinnuþjálfun og starfsþjálfun svo og viðeigandi kennslu í félagsvandamálum, lýðræðisréttindum, mannréttindum og sérstaklega um Mannréttindasáttmála Evrópu.

4. Atvinnu-, sálfræðileg og almenn skilyrði, sem lögreglumaður þarf að starfa við, eiga að vera til þess fallin að vernda-ráðvendni, óhlutdrægni og virðingu hans.

5. Lögreglumaður á rétt á sanngjörnum launum og taka ber tillit til sérstakra atriða,

svo sem aukinnar áhættu, ábyrgðar og óreglulegs vinnutíma.

6. Lögreglumenn eiga að geta valið um, hvort þeir vilja stofna stéttarfélög, ganga í þau og taka virkan þátt í þeim. Þeir geta einnig tekið virkan þátt í öðrum félagasamtökum.

7. Komi stéttarfélag lögreglumanna fram fyrir þeirra hönd, á það rétt á eftirfarandi:

- að taka þátt í samningum varðandi stöðu lögreglumanna;
- að haft sé samráð við það um stjórnun lögregluliða;
- að höfða mál vegna hagsmuna lögreglumannahóps eða einstakra lögreglumanna.

8. Enginn lögreglumaður skal gjalda þess að vera aðili að stéttarfélagi lögreglumanna og taka virkan þátt í því.

9. Sæti lögreglumaður agaviðurlögum eða sakamál er höfðað á hendur lögreglumanni, á hann rétt á að tjá sig og að hafa löglærðan verjanda. Ákvörðun um það efni ber að taka innan hæfilegs tíma. Einnig á hann að geta notfært sér aðstoð stéttarfélags síns.

10. Lögreglumaður, sem sætt hefur agaviðurlögum eða verið sakfelldur, á rétt á áfrýjun til sjálfstæðis og óvilhalls aðila eða dómstóls.

11. Réttindi lögreglumanns fyrir dómi eiga að vera hin sömu og réttindi sérhvers annars borgara.

C. Styrjöld og annað neyðarástand — hernám erlends ríkis¹⁾.

1. Lögreglumanni ber að gegna áfram störfum við að vernda menn og eignir á styrjaldar- og hernámstímum í þágu borgaranna. Vegna þess telst hann ekki „stríðandi“ og ákvæði þriðja Genfarsáttmálans frá 12. ágúst 1949 varðandi meðferð stríðsfanga taka ekki til hans.

2. Ákvæði fjórða Genfarsáttmálans frá 12. ágúst 1949 varðandi vernd borgara á

¹⁾ Kaffi þessi á ekki við um herlögreglu.

stríðstímum gilda um borgaralegt lögreglu-
lið.

3. Hernámsríki á ekki að fyrirskipa lög-
reglumönnum að framkvæma önnur störf,
en um getur í 1. grein þessa kafla.

4. Meðan á hernámi stendur á lögreglu-
maður ekki:

— að taka þátt í ráðstöfunum gegn félögum
andspyrnuhreyfinga;

— að taka þátt í að framkvæma ráðstaf-
anir, sem ætlaðar eru til að láta íbú-
ana starfa í hernaðarskyni og við
vörslu hernaðarmannvirkja.

5. Láti lögreglumaður af störfum meðan
á óvinahernámi stendur, vegna þess að hann
sé neyddur til að framkvæma ólöglegar fyr-
irskipanir hernámsríkisins, sem brjóta í bágr
við hagsmunum borgaranna, eins og þær er

að framan greinir, og með því hann sér enga
aðra lausn, ber að taka hann í lögregluliðið
á ný, þegar er hernámi lýkur, án þess að
hann tapi nokkrum réttindum eða ívilnun-
um, sem hann hefði notið, ef hann hefði
haldið áfram að vera í lögregluliðinu.

6. Hvorki meðan á hernámi stendur né
að því loknu, má beita lögreglumann heg-
ningu eða agaviðurlögum fyrir að hafa í góðri
trú framkvæmt fyrirskipun yfirvalds, sem
taidist hæfur aðili, þar sem framkvæmd
slíkrar fyrirskipunar tilheyrði eðlilegum
skyldustörfum lögregluliðs.

7. Hernámsríkið á ekki að beita lögreglu-
mann agaviðurlögum eða sækja hann til
saka vegna framkvæmdra fyrirskipana frá
fullgildum stjórnvöldum, sem gefnar voru
áður en til hernáms kom.

LÖGREGLUYFIRLÝSING EVRÓPURÁÐSINS

Eins og sagt er hér annars staðar í blað
inu samþykkti þingmannafundur Evrópu-
ráðsins yfirlýsingu um lögregluna á fundi
sínum 8. maí 1979. Yfirlýsingunni var þar
með vísað til ráðherranefndar ráðsins með
ósk um að ríkisstjórnir aðildarlandanna
veittu henni fullan stuðning og kæmu henni
í framkvæmd.

Lögregluyfirlýsingin skiptist í þrjá kafla.
Er hinn fyrsti síðareglur (codex ethicus) fyr-
ir lögreglumenn og eru þær fyllilega í sam-
ræmi við það sem við eigum að venjast og
getum fallist á. Annar kaflinn fjallar um
þjóðfélags- og stéttarlega stöðu lögreglu-
manna. Meginhluti hans er í samræmi við
stöðu lögreglumanna héraendis en bó eru

þar ýmis ákvæði sem hagur væri í að fá færð
til bókar og staðfest. Þriðji kaflinn fjallar
um stöðu lögreglunnar á stríðstímum, undir
hernámi og er annað neyðarástand ríkir,
Ákvæði hans draga mjög skýrt fram að lög-
reglan sé almenn borgaraleg þjónustustétt.

Yfirlýsingin er afstöðuyfirlýsing evrópskra
stjórnámálanna um réttindi og skyldur
lögreglumanna en hefur ekkert lagalegt gildi.
Á síðasta framkvæmdanefndarfundum UISP
var samþykkt að fela aðildarsamböndum
þess að ýta frekar á eftir málinu við stjórn-
völd, hvert í sínu landi, og reyna að fá
hana staðfesta sem réttindaskjal. Hafa sum
samböndin þegar hafist handa um málið og
fengið allgóðar viðtökur.

J. J.

MINNISBLAÐ UM SIÐAREGLUR LÖGREGLUMANNA


Vegna umræðna sem spunnist hafa um þessar reglur að undanfögnu óskar ráðuneytið að taka fram að þessar reglur voru unnar á vegum Sameinuðu þjóðanna og samþykktar þar í desember 1979.

Með bréfi dags. 15. apríl 1980 beindi framkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna þeim tilmælum til ríkisstjórnar Íslands að hún hafi siðareglurnar um lögreglumenn til hliðsjónar við lagasetningu og gerð starfsfyrirmæla fyrir lögreglumenn.

Hefur ríkisstjórn Íslands ákveðið að fara eftir þessum tilmælum, þótt sú ákvörðun hafi ekki verið verið gerð skriflega.

Hilmari Foss, skjalbýðandi í ensku, var á árinu 1979 falið að þýða þessar reglur en þær voru síðan birtar í blaði lögreglunnar 1979.

12. febrúar 1993



Hjalti Zóphóníasson